

Nd.

580. Breytingartillögur

[251. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluölfuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GS, SighB).

1. Við 1. gr.

a. Síðari mgr. b. liðar orðist svo:

Greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa að fengnum tillögum viðskiptabanka sjávarútvegsins 330 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist örugggra trygginga fyrir lánnum þessum. Þá er sjóðnum heimilt að verja 70 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva til framkvæmda við að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólks.

b. Við i-lið. Í stað „12“ komi: 20.

c. Við j-lið. Í stað „sjávarútvegsráðuneytisins“ komi: Alþingis.

2. 2. gr. orðist svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal auglýsa nýtt lágmarksverð á öllum tegundum bolfiskafla og skal það verð vera 13% hærra en það fiskverð, sem nú er í gildi. Hið nýja fiskverð skal gilda frá og með 15. febrúar s. l.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 200 m.kr. úr ríkissjóði á árinu 1975 til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að auka niðurgreiðslur á olíuverði til fiskiskipa frá því sem nú er, komi í ljós, að hlutur útgerðarinnar í fiskverðshækkunum á árinu nægi ekki til þess að standa undir kostnaði við verðhækkunir á olíu.

3. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður falli niður.